



Stjórn Samfélagssjóðs Fljótsdals

Fundur nr. 7 Dags. 05.03.2021

Fundarstaður: Végarður, kl. 13:00.

Mætt eru: Signý Ormarsdóttir formaður, Lárus Heiðarsson varaformaður, Jóhann F. Þórhallsson, Arna Björg Bjarnadóttir, Þórhallur Jóhannsson (á TEAMS) og Ásdís Helga Bjarnadóttir verkefnastjóri.

Á fundinum:

1. Umsóknir Samfélagssjóðs 2021
 - a. Umsóknarferlið og kynningarfundur
 - b. Vanhæfni stjórnarmanna skv. opinberri stjórnsýslu
 - c. Reglur sjóðsins og matsblað
 - d. Yfirferð umsókna
2. Dagskrá úthlutunar
3. Samningur Samfélagssjóðsins og Austurbrúar
4. Þóknun stjórnar
5. Ávöxtun sjóðsins
6. Aðalfundur
7. Önnur mál

Formaður bauð stjórn velkomna og setti fund.

1. Umsóknir Samfélagssjóðs 2021.
 - a. *Verkefnastjóri fór fyrir aðdragandann að kynningu sjóðsins 2021.*

Kynning. Keyptar voru auglýsingar í Dagskránni, á Austurfrett.is með tengli inn á Samfélagssjóðinn á Fljótsdalur.is og auk þess auglýsing í Austurgluggann sem dreift var inn á hvert heimili á Austurlandi. Auk þess fóru auglýsingar út á heimasíðu hreppsins og fésbókarsíður samfélagsverkefnisins og Fljótsdalur, Austurland. Birtingar áttu sér stað frá 25. janúar og umsóknafrestur rann út 17. febrúar.

Áherslur og umsóknir. Kynningarfundur um sjóðinn var haldinn í Végarði 21. janúar þar sem formaður fór yfir reglur við umsóknarskrif, Ann-Marie Schütz um mikilvægi styrkja til verkefna og verkefnastjóri með helstu áherslur sjóðsins. Að þessu sinni var lögð áhersla á eftirfarandi flokka: 1) Sjálfbær landbúnaður og nýting náttúruauðlinda. 2) Einstök náttúra og saga og 3) Tækifæri til framtíðar. Verkefnastjóri bauð uppá ráðgjöf við umsóknarskrif og leituðu töluvert fleiri nú aðstoðar en áður og allt annar hópur en fyrir ári síðan. Fleiri af yngri kynslóðinn og almennt umfangsmeiri verkefni og kostnaðarsamari.

Þær áherslur sem lagt var upp með skiluðu sér miðað við þær 30 umsóknir sem bárust. Sótt var um 36 milljónir og var heildarkostnaður verkefna alls 75 milljónir.

- b. *Vanhæfi stjórnarmanna skv. opinberri stjórnsýslu.* Yfirlit yfir umsækjendur var sent til stjórnarmanna þann 19. febrúar þar sem óskað var eftir upplýsingum um vanhæfi við yfirferð



umsóknanna. Niðurstaðan er að þrír af fimm geta metið allar umsóknirnar og því staðfest að stjórn mun sjá um yfirferð umsókna 2021.

Signý – ekki vanhæf.

Lárus – Nr. 20

Jóhann – nr. 8, 17, 27, 28, 29, 30.

Þórhallur – nr. 17, 27, 28, 29, 30.

Arna Björg – nr. 22, 25, 26.

c. *Reglur sjóðsins og matsblað*

Formaður fór yfir reglur sjóðsins, matsblaðið og fyrirkomulag yfirferðar. Minnt á mikilvægi trúnaðar gagnvart umsóknum.

d. *Yfirferð umsókna*

Stjórnarmenn hafa lagt sjálfstætt mat á umsóknirnar og sendu niðurstöðu sína til verkefnastjóra fyrir fundinn. Niðurstöðurnar lágu því fyrir í einu skjali sem farið var yfir. Stjórnarmenn gengu út við yfirferð umsókna sem þeir voru vanhæfir í. Eftir mikla yfirlegu lág niðurstaða fyrir um kl. 17:15.

2. Dagskrá úthlutunar.

Almenn ánægja var með fyrirkomulag úthlutunar á síðasta ári og því horft til svipaðs forms.

Athugað verði með Óbyggðasetrið, fimmtudaginn 18. mars kl. 15:00. Ef það gengur ekki skoða þá annan stað.

- Dagskrá
 - Verkefnastjóri setur dagskrá
 - Tónlistaratriði (með fyrirvara)
 - Formaður stjórnar með ávarp og afhentir ásamt verkefnastjóra styrkina formlega.
 - Sveitarstjóri/oddviti lokar dagskrá.

Viðburður auglýstur á fésbókarsíðu Fagrar framtíðar og með tölvupósti til umsækjenda. Rætt við aðila um myndatökur.

3. Samningur Samfélagssjóðsins og Austurbrúar

Formaður fór yfir stöðu mála.

Samþykkt að formaður stjórnar ásamt framkvæmdastjóra Austurbrúar ræði við sveitarstjóra og oddvita um samninginn milli Austurbrúar og Fagrar framtíðar í Fljótsdal annars vegar og hins vegar að ramma inn samning um umsýslu Séreignasjóðsins millil sjóðsins og Austurbrúar. Stefnt að því að ganga frá samningum á sama tíma og aðalfundurinn verður haldinn 25. mars.

4. Þóknun stjórnar

Samþykkt að greiða 35.000 kr. fyrir yfirlestur umsókna en annars halda fyrri samþykktum um nefndarlaun er miðast við greiðslur til nefnda á vegum Fljótsdalshrepps.

5. Ávöxtun sjóðsins
Lítill ávöxtun er á almennum sjóðum og því rætt og samþykkt að óska eftir kynningu frá Eignastýringu Landsbankans og frá Íslenskum verðbréfum um möguleika á ávöxtun fjármagns.
6. Aðalfundur
Boðað verði til aðalfundar fimmtudaginn 25. mars kl. 17:00 í Végarði.
7. Önnur mál
Engin mál tekin fyrir.

Formaður þakkaði fyrir góð störf og sleit fundi kl. 19:00

ÁHBj ritaði

Undirritun fundargerðar